

## Skólaráðsfundur BES 13. maí 2024

Haldinn á Stokkseyri kl. 14:15

Boðaðir voru:

Ragna Berg Gunnarsdóttir, starfandi skólastjóri

Sirry Pálsdóttir, starfandi aðstoðarskólastjóri

Rakel Ýr Gunnlaugsdóttir fulltrúi foreldra

Ósk Stefánsdóttir, fulltrúi foreldra,

Ósk Pálsdóttir fulltrúi kennara

Hafdís Sigurjónsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags (boðaði forföll)

Sigríður Jónsdóttir, fulltrúi starfsmanna,

Eyrún Arna Bjarnadóttir, fulltrúi nemenda

Elín Eyrún Herbertsdóttir, fulltrúi nemenda

- Síðasta fundagerð lesin
- Farið yfir skólaárið
  - Mikil veikindi, hefur haft mikil áhrif á skólastarf.
  - Sundlaugin verður ekki opnuð á þessu skólaári og halda því íþróttir áfram út skólaárið. Sundlaugin opnar að öllu óbreyttu í byrjun júní.
  - Keppnir sem nemendur taka þátt í:
    - Stóra upplestrarkeppnin var í Vallaskóla og vorum við með tvo fulltrúa og einn varamann, fækkar um einn lesara hjá okkur.
    - Einnig tók 8. bekkur þátt í Pangea.
    - Svo tóku i-einhverjir þátt í fjármálaleikum og þar vann nemandi til verðlauna.
    - Enska smásagnakeppnin.
  - Mikil vitundarvakning er í skákinni og margir áhugasamir nemendur. Skákmót hér í vikunni og nemendur hafa tekið þátt í öðrum mótum.
  - Við tókum þátt í hinsegin viku Árborgar og er verið að skoða kynningu fyrir skólana.
  - Við vorum með þemadaga þar sem fjölgreindarleikar voru á fimmtudegi en á föstudeginum fór unglingastigið á skíði, 5. og 6. bekkur í sund á Selfossi og yngra stigið vann verkefni heimavið. 1.og 2. bekkur fóru í fjöru 3. og 4. bekkur unnu póstkortaverkefni
- Skóladagatal fyrir skólaárið 2024-2025 kynnt. Það er komið inn á heimasíðu Barnaskólans
- Drög að menntastefnu Árborgar kynnt. Kemur á heimasíðu Árborgar. Viðbragðsáætlun Árborgar fer inn á heimasíðu Árborgar líka
- Önnur mál
  - Fyrirspurn um hafragraut. Ekki líklegt að það verði þar sem mötuneyti hefur breyst mikið.

- b. Stundatöflur; verður reynt að hafa ekki marga stærðfræðitíma í röð.
- c. Vantar meiri tíma í ensku. Verður skoðað ásamt fleiru.
- d. Athuga með hvort stuttu frímínútur geti komið aftur.
- e. Kanna hvort nemendaráðið getur athugað með prentun á BES peysur. Möguleiki á að nemendaráð og foreldrafélag vinni þetta saman.
- f. Kanna með samning vegna tækja sem nemendur geta keypt sér sjálfir.
- g. Rýmingaræfing rædd